



Stjórnsýslusvið – Afbrotatölfræði

Til: Katrín Þórðardóttir, lögfræðingur.
Innanríkisráðuneytið.

Efni: Ölvunarakstur, aldur og hlutfall yfir efri mörkum

Meðfylgjandi eru upplýsingar um ölvunarakstur, fjölda einstaklinga sem sættu blóðsýnatöku eða öndunarsýnaprófi, aldursdreifing og hlutfall þeirra sem mældust yfir efri mörkum skilgreindum í 45. gr. umferðarlaga. Greiningin tekur til árunna 2000 til 2008 fyrir utan þann hluta sem fjallar um efri mörk en árið 2005 var lögreglakerfinu breytt sem leiðir til þess að skráningar hafa orðið mun nákvæmari eftir breytingu og því gefur samanburður fyrir árið 2005 ekki rétt mynd af þeim fjölda sem mældist yfir efri mörk. Ekki eru birtar tölur fyrir árið 2009 þar sem niðurstöður úr sýnatökum geta verið lengi að skila sér inn í kerfið sem gerir gögnin ónákvæm. Horft er til þeirra einstaklinga sem fóru í blóðsýnatöku eða öndunarsýnapróf vegna gruns um ölvunarakstur.

Talning einstaklinga byggir á fjölda tilvika sem þýðir að í einhverjum tilvikum eru sömu einstaklingarnir teknir oft en einu sinni og teljast þeir í hvert sinn sem þeir fóru í próf til að sem nákvæmust mynd fáist af fjölda þeirra sem hafa sætt blóðsýnatöku og öndunarsýnaprófi.

Í töflu 1 sést fjöldi sem hefur farið í annað hvort blóðsýnatöku eða öndunarsýnapróf á árunum 2000-2008. Fjöldinn hefur frekar minnkað en hitt en á síðustu árum hefur fjöldi ölvunarakstursbrota verið í kringum 2000 brot á ári. Sjá nánar í ársskýrslum ríkislögreglustjóra á vefslóðinni <http://www.rls.is> Tölfræði/rannsóknir.

Tafla1. Fjöldi einstaklinga sem sættu blóðsýnatöku eða öndunarsýnapróf greint eftir árum.

Ár	Fjöldi
2000	2.170
2001	1.889
2002	1.733
2003	1.577
2004	1.575
2005	1.850
2006	2.038
2007	2.097
2008	1.826
Samtals	16.755

Þegar horft er yfir tímabilið 2000-2008 má sjá að hlutfallslega flestir sem fóru í blóðsýnatöku eða öndunarsýnapróf voru á aldrinum 21 til 30 ára eða 38%. Erlendir einstaklingar sem ekki hafa íslenska kennitölu voru 0,3% þeirra sem sættu blóðsýnatöku eða öndunarsýnaprófs. Eftir því sem einstaklingar verða eldri lækkar hlutfall þeirra.

Tafla 2. Aldursdreifing þeirra sem sættu blóðsýnatöku eða öndunarsýnapróf á árunum 2000-2008.

Aldursbil	Fjöldi	%
Óskilgreindur aldur (einstaklingar með erlendar kennitölur)	53	0,3%
16-20 ára	371	2,2%
21-25 ára	2.505	15,0%
26-30 ára	3.865	23,1%
31-35 ára	2.418	14,4%
36-40 ára	1.661	9,9%
41-50 ára	2.721	16,2%
51-60 ára	1.916	11,4%
61-70 ára	871	5,2%
71 árs og eldri	374	2,2%
Samtals	16.755	100,0%

Nýtt kerfi var tekið upp innan lögreglunnar árið 2005 og með tilkomu þess urðu skráningar nákvæmari. Því er nauðsynlegt að fara ekki aftur í tíma en til ársins 2005 þegar litið er til hlutfalls þeirra sem mældust yfir efri mörkum samkvæmt 45. gr. umferðarlaga til að fá sem réttasta mynd af ástandi ökumanna. Sjá má að hlutfall þeirra ökumanna sem mælast yfir efri mörkum hefur aukist á síðustu árum og var 40% árið 2008 en 27% árið 2005.

Tafla 3. Hlutfall ökumanna sem mælast yfir efri mörkum skilgreindum í 45. gr. umferðarlaga, árin 2005-2008.

Ár	Hlutfall yfir efri mörkum
2005	27,0%
2006	27,8%
2007	31,7%
2008	40,0%

F.h. ríkislögreglustjóra
Tekið saman af
Þórdísi Rún Þórisdóttur, félagsfræðingi
11. júní 2010
Sent Innanríkisáðuneyti 05.12.2012